

**Reykjanesbær kt. 470794-2169 og Tónlistarfélag Reykjanesbæjar kt.
gera með sér svofelldan**

SAMNING

um framlög úr bæjarsjóði til Tónlistarfélags Rnb. á árunum 2004-2006.

1. gr.

Reykjanesbær greiðir 300.000 krónur til Tónlistarfélags Rnb. á ári í þrjú ár eða á árunum 2004-2006, að samþykktri fjárhagsáætlun bæjarins hverju sinni. Fjárhæðin er ótengd verðlagsbreytingum og helst því óbreytt út samningstímabilið.

2. gr.

Útborgun á framlögum Reykjanesbæjar sbr. 1. gr. verði tvær jafnar greiðslur á ári hverju, sú fyrri í janúar og sú seinni þegar lágmarki vegna umsaminna verkefna sbr. 3. gr. hefur verið náð, þó ekki fyrr en í októbermánuði.

3. gr.

- Tónlistarfélag Rnb. mun halda að lágmarki þrenna tónleika í Reykjanesbæ á hverju ári 2004-2006.
- Tónlistarfélagið mun taka þátt í viðburðum á vegum Reykjanesbæjar, s.s. Ljósanótt.
- Tónlistarfélagið mun leitast við að koma á framfæri tónsmíðum og tónlist heimamanna.
- Tónlistarfélagið mun leitast við að kynna starfsemi sína og auglýsa viðburði sína vel og býður fólki á öllum aldri að taka þátt í starfsemi sinni.

4. gr.

Stjórn Tónlistarfélagsins skal í upphafi starfsárs afhenda menningarfulltrúa fyrirhugaða verkefnaáætlun og yfirlit yfir starf kórsins á fyrra ári ásamt árituðum ársreikningi.

5. gr.

Verði ekki staðið við þennan samning að hálfu Tónlistarfélagsins áskilur Reykjanesbær sér rétt til þess að endurskoða stuðning sinn og stöðva greiðslur þar til úr hefur verið bætt. Samningurinn er uppsegjanlegur með 6 mánaða fyrirvara.

6. gr.

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Reykjanesbær, 27. nóv. 2003

f.h. Reykjanesbæjar

f.h. Tónlistarfélags Reykjanesbæjar

Árni Sigfússon, bæjarstjóri
Vottar:

Una Steinsdóttir, formaður

Valgerður Guðmundsdóttir, menningarfulltrúi

Gunnar Oddsson, formaður MÍT